# Leiðbeiningar um notkun XML-þjónustu Veðurstofu Íslands fyrir snjóflóð

XML-þjónustan veitir aðgang að nýjum snjóflóðagögnum Veðurstofunnar sem birt eru á www.vedur.is.

Slóð XML-þjónustunnar er http://xmlweather.vedur.is/avalanche?op=xml&type=status (íslenska)

eða: http://xmlweather.vedur.is/avalanche?op=xml&lang=en&type=status (enska)

## Færibreytur

| Færibreyta | Gildi | Útskýring |
|---|---|---|
| op | xml | Skal í öllum tilfellum vera 'xml' |
| type | status | Birtir mat á snjóflóðaaðstæðum, snjóflóðaspá fyrir valin svæði og veðurútlit með tilliti til snjóflóða. |
| lang | is | íslenska |
| | en | enska |

## XML skeyti

Helstu atriði:

- Dagssetningar eru á forminu: `YYYY-MM-DD hh:mm:ss`
- Ef gögn er ekki til reiðu af einhverjum orsökum þá eru viðkomandi tög tóm
- 

Dæmi um gilt svar er:


```
<avalanche>
<conditions>
<short_description>
Óstöðug snjóalög hafa verið í vikunni á Vestfjörðum og SV horninu.
Veikleiki sést einnig á Tröllaskaga og Austfjörðum.
</short_description>
<full_description>
Hvöss austan átt var á miðvikud. með mikilli snjókomu á sunnanverðum
Vestfjörðum. Á fimmtud. var hvöss NA-átt og úrkoma. Aðfaranótt
föstud. snjóaði svo mjög mikið í N-átt. Það hefur gengið á með éljum
um norðanvert landið síðan og veðurspá g.r.f. að heldur bæti í vind
og éljagang í dag. Víða er því mikill snjór til fjalla og getur
nokkuð stífur vindfleki legið á stórum svæðum. Mörg snjóflóð féllu í
veðrinu meðal annars nokkuð stór snjóflóð á Patreksf., Önundarf. og
```

```
Álftafirði en fáein minni flóð á Miðnorðurlandi. Gera verður ráð
fyrir að óstöðugleiki geti enn verið í snjóþekjunni, m.a. sýnir
gryfja frá Sigluf. í gær talsverðan óstöðugleika. Þeir sem eru á
ferð í fjalllendi ættu því að haga leiðarvali með þennan
óstöðugleika og snjósöfnun í huga. Á SV horninu ætti fólk einnig að
fara varlega á fjöllum, sér í lagi í hlíðum mót vestri og norðri.
</full_description>
<update_time>2015-03-01 09:26:20</update_time>
</conditions>
<area_forecasts>
<area_forecast>
<region>Norðanverðir Vestfirðir</region>
<region_code>vn</region_code>
<valid_from>2015-02-27 14:00:00</valid_from>
<valid_until>2015-03-02 16:00:00</valid_until>
<danger_level>Mikil hætta</danger_level>
<danger_level_code>4</danger_level_code>
<danger_level_color>Rauður</danger_level_color>
<danger_level_color_rgb>#FF0000</danger_level_color_rgb>
<short_forecast>
Stífur vindfleki er í hlíðum sem snúa í vestur og suður. Gera verður
ráð fyrir að veikleiki sé í snjóþekjunni
</short_forecast>
<full_forecast>
Töluverð snjókoma var seinnipart fimmtudags og aðfaranótt föstudags
í NNA-átt. Á miðvikudag og fimmtudag var úrkoma í hvassri A- og NA-
átt. Stórt snjóflóð féll á föstudagsmorgun í Önundarfirði utan
Flateyrar og fjölmörg flóð féllu á Súðavíkurhlíð í veðrinu. Fleiri
minni flóð hafa fallið víðar á svæðinu án þess að þau hafi verið
skráð. Stífur vindfleki er í hlíðum sem snúa í vestur og suður. Gera
verður ráð fyrir að veikleiki geti verið til staðar í snjóþekjunni.
</full_forecast>
</area_forecast>
<area_forecast>
<region>Utanverður Tröllaskagi</region>
<region_code>tn</region_code>
<valid_from>2015-02-27 16:00:00</valid_from>
<valid_until>2015-03-02 16:00:00</valid_until>
<danger_level>Töluverð hætta</danger_level>
<danger_level_code>3</danger_level_code>
<danger_level_color>Appelsínugulur</danger_level_color>
<danger_level_color_rgb>#F5B800</danger_level_color_rgb>
<short_forecast>
Vindur ýmist af A- og V-lægum áttum með úrk. undanf. daga. Talsv.
lausasnjór og hætta eykst í NA-hraglanda föstud.kvöld
</short_forecast>
<full_forecast>
Hvöss A-átt var á miðvikud. með slyddu á láglendi og féllu þá fáein
flekahlaup. Aðfaranótt föstud. var V-lægur hraglandi og nokkur
úrkoma, mest vestantil. Samfelld úrkoma hefur verið fram á föstud.
og áköf logndrífa eftir hádegi en ný snjóflóð hafa ekki sést. Spár
g.r.f. að það stytti upp en hvessi af NA á föstudagskvöld með
aukinni úrkomu sem verði viðloðandi á laugardag en þá hægi eitthvað
og snúist til N-áttar. Veikleiki sást í snjóþekjunni í upphafi
vikunnar, m.a. á haglllagi og benda hitasnið til þess að veiku lögin
hafi frekar veikst en hitt. Búast má við að snjóflóðahætta aukist
snjögglega þegar hvessir af NA á föstudagskvöld því talsverður
```

```
lausasnjór er til staðar. Erfitt getur verið að forðast hættulegar
brekkur því vindur hefur blásið ýmist af A- og V-lægum áttum með
úrkomu undanfarna daga.
</full_forecast>
</area_forecast>
<area_forecast>
<region>Austfirðir</region>
<region_code>af</region_code>
<valid_from>2015-02-27 14:00:00</valid_from>
<valid_until>2015-03-02 16:00:00</valid_until>
<danger_level>Töluverð hætta</danger_level>
<danger_level_code>3</danger_level_code>
<danger_level_color>Appelsínugulur</danger_level_color>
<danger_level_color_rgb>#F5B800</danger_level_color_rgb>
<short_forecast>
Snjór hefur safnast í suður og vestur viðhorf. Veikleikar voru í
snjóþekjunni fyrri hluta vikunnar.
</short_forecast>
<full_forecast>
Veikleikar voru í snjóþekjunni fyrri hluta vikunnar. Töluverð úrkoma
var á miðvikudagskvöldið, hún byrjaði sem rigning á láglendi en
endaði í snjókomu allavega nyrst á svæðinu. Snjór hefur safnast í
suður og vestur viðhorf og gera þarf ráð fyrir að veikleikar séu enn
til staðar í snjóþekjunni.
</full_forecast>
</area_forecast>
</area_forecasts>
<weather_forecast>
<forecast>
Norðan og norðaustan 8-15 m/s, en hægari A-lands. Él N-til, annars
bjart veður, en snjókoma á S-landi í dag. Frost 0 til 8 stig. Á
þriðjudag: Vestan 8-15 m/s og dálítil snjókoma eða él, en
úrkomulítið SA-lands. Frost 1 til 11 stig, mest í innsveitum.
</forecast>
<update_time>2015-03-01 08:43:28</update_time>
</weather_forecast>
</avalanche>
```